

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 19. febrúar 2025
202501-0173/I.M.B.
08.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn- Lagning jarðstrengs um Berufjarðarleirur

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 30. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna tilkynninga til ákvörðunar um matsskyldu varðandi lagningu jarðstrengs um Berufjarðarleirur.

Framkvæmdarlýsing

Fyrirhugað er að plægja rafstreng, alls 15km leið, þar af 730m um Berufjarðarleirur. Leirurnar falla undir ákvæði 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem kveðið er á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Framkvæmdin er hluti stærra verkefnis um að auka afhendingaröryggi raforku og átaks um að hraða þrífösun rafmagns. Núverandi loftlína á svæðinu verður fjarlægð.

Plægt verður beint yfir leirurnar og þegar komið er yfir í fjörðinn sunnan megin er svokallaður Axarvegur þveraður. Framkvæmdin mun taka einn dag og notaður verður strengplógur á beltum sem flýtur á leirunum og plægir strenginn niður á 1,2 -1.5m dýpi. Strengurinn sjálfur er AXAL 3X150 AL/35 AL og er um 57mm að þvermáli. Í sumum tilvikum er farið á undan strengplógnum á beltagöfu eins og notað svokallað sverð til að forplægja til að minnka mótstöðu fyrir plægingu strengsins og líkur á að strengplógurinn grafi sig niður og festist með tilheyrandi raski. Eftir að plægingunni er lokið keyrir beltagrafan eftir strengleiðinni og lagfærir sárið í leirunni með skóflu. Framkvæmdatíminn er áætlaður maí-júlí 2025.

Niðurstaða

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að valkostagreining hafi farið fram um legu strengsins og að áhersla sé lögð á að velja honum leið um eða í námunda við svæði sem eru þegar röskuð. Náttúruverndarstofnun telur að rökstuðningur fyrir vali á legu strengsins um leirurnar sé skýr út frá þeim upplýsingum sem koma fram á bls. 12 í greingargerð og m.t.t. ákvæðum 61. gr. laga um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun

Að mati stofnunarinnar mun framkvæmdin hafa tímabundin neikvæð áhrif á svæðið á framkvæmdartíma.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Náttúruverndarstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur

Axel Benediktsson

sérfræðingur



Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 24.2.2025

Málsnúmer: 202502-0004

IAS

Efni: Lagning jarðstrengs um Berufjarðarleirur. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 30. janúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lagningu jarðstrengs um Berufjarðarleirur, matskyldufyrirspurn.

Fyrirhugað er að leggja jarðstreng um jaðar Berufjarðarleira, neðan þjóðvegur við jörðina Berufjörð. Framkvæmdin við þverun Berufjarðarleira tekur einn dag og notaður verður til verksins strengplógur á beltum sem flýtur vel á leirunum og plægir strenginn niður á 1,2 -1.5m dýpi. Lengd strengsins sem er innan verndarsvæðis er um 730 metrar.

Ástæða fyrir því að ákveðið var að fara um leirurnar liggja í því að ef strengurinn þarf að fara innar í Berufjörð þá fer hann um árfarveg Berufjarðarár sem er dragá og því miklar árstíðarbundnar sveiflur í ánni. Farvegur Berufjarðarár er því á mikilli hreyfingu og mikill framburður í ánni sem eykur líkur á að strengurinn verði fyrir skemmdum. Þar að auki er malarnáma staðsett fyrir ofan leirurnar þar sem unnið er úr farvegi Berufjarðarár. Eins er líklegt að malarnám verði talsvert í Berufjarðará þegar ráðist verður í uppbyggingu á Axarvegi. Reynslan hefur sýnt að ummerki um lagningu fjarskipta- og rafmagnsstrengja í leirum eru lítil sem engin. Það er mat RARIK að verkefnið muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á landslag, jarðmyndanir og gróðurfar til lengri tíma litið og ekki teljandi áhrif á fugla og vistkerfi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Framkvæmdin mun hafa tímabundin neikvæð áhrif á framkvæmdatíma en Náttúrufræðistofnun telur að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

Sæll Haraldur

Fiskistofa fékk til umsagna mál nr. 116/2025: Lagning jarðstrengs um Berufjarðarleirur, nr. 0116/2025 - Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu)

Fiskistofa telur að lagning jarðstrengs kunni að hafa staðbundin og tímabundin áhrif og sé ekki líklegt til að hafa varaleg áhrif. Fiskistofa telur því ekki að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum með tilliti til mögulegra áhrifa á lax- eða silungsstofna.

Fiskistofa bendir á að framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Sjá nánar: <https://island.is/leyfi-fiskistofu>

Með umsókn skulu fylgja umsögn sérfræðings vegna hugsanlegra áhrifa á lífríkið og umsögn viðkomandi veiðifélags.

Kv. Guðni



Guðni Magnús Eiríksson, PhD
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Sími | 569 7900

Netfang | gudni.m.eiriksson@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Egilsstöðum, 27. febrúar 2025
Málsnr. 202502037

Efni: Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu - Strenglagning um Berufjarðarleirur

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 30. janúar 2025., þar sem ofangreint erindi er sent Múlaþingi til umsagnar í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Inngangur

RARIK ohf. hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar þar sem leggja á þriggja fasa 11 kV rafstreng í jörðu um Berufjarðarleirur í stað einfasa 11 kV loftlínu. Berufjarðarleirur falla undir ákvæði sérstakrar verndar (sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013) vegna sjávarfritja og leira og með vísun í 19. grein laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, viðauki 1, töluliður 10.16 um lagningu strengja í jörð, vatn eða sjó sem eru a.m.k. 10 km og utan þéttbýlis, einnig styttri en 10 km ef staðsettir á verndarsvæðum utan þéttbýlis (flokkur B) er slík framkvæmd tilkynningaskyld.

Samantekt með hliðsjón af 2. viðauka.

Eðli framkvæmdar

Verkefnið er liður í strengvæðingu dreifikerfis RARIK á svæðinu og í kjölfar hennar verður hægt að rífa þann hluta Berufjarðarlínulínu sem liggur frá mynni Berufjarðar norðanmegin að Eyjólfstöðum í Fossárdal og var reist 1973. Alls er um að ræða u.þ.b. 15km strengleið. Það er á leiðinni milli Berufjarðar og Eyjólfstaðar þar sem strengurinn verður plægður 730m innan skilgreinds verndarsvæðis í botni Berufjarðar.

Staðsetning framkvæmda

Fyrirhugað framkvæmdasvæði tilheyrir Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 þar sem sýnd er lega núverandi raflínu (byggðalína). Strengur verður plægður um fjörubeður og sjávarlón með miðlungs verndargildi.

Hugsanleg áhrif framkvæmdar

Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á gildandi skipulagsáætlanir og önnur áhrif á lífríki og náttúru tímabundin neikvæð.

Mótvægisaðgerðir og vöktun

Ekki er fjallað sérstaklega um mótvægisaðgerðir og vöktun vegna mögulegra áhrifa á tiltekna umhverfisþætti í kynningarskýrslu.

Niðurstaða

Það er mat Múlaþings að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana kalli ekki á frekara umhverfismat. Yfirstandandi er vinna við nýtt aðalskipulag Múlaþings og mun sveitarfélagið vera í góðu samstarfi við RARIK um að færa inn núverandi og fyrirhugaðar breytingar á lagnaleiðum stofnagna í sveitarfélaginu.

Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Virðingarfyllst,
f.h., Múlaþings

Sóley Valdimarsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is